

## Innákoma á 1GR - RUNT

Þegar við komum inn á eðlilega opnun á 1. sagnstigi á 1GR þá sýnir það annað af tvennu:

- a) 7-11p með a.m.k. 3 spil í öllum öðrum litum. Sambærilegt við venjulegt úttektardobl en heldur veikara.
- b) 20+p og hvað skipting sem er.

Eðlileg opnun í þessu dæmi þýðir nánast allar aðrar opnanir en opnun á sterku ♣. Við notum þetta við „catch all“ opnunum á 1♣ og 1♦, s.s. pólsku laufi og Precision ♦ jafnvel þó opnanirnar lofi ekki sögðum lit og geti jafnvel verið stuttlitur.

### Viðbrögð féлага

Félagi segir eins og við hefðbundnu úttektardobli en fer sér þó aðeins hægar. Sagnir í nýjum lit eru eðlilega og stökk er áskorun sem og 2GR (áskorun í 3GR).

Sögn í lit andstæðinganna er notuð til að sýna jafna lengd í tveimur litum (eða almenn geimkrafa en það kemur þá í ljós síðar). Eftir láglitaopnun eru litirnir báðir hálitirnir en eftir hálitarpun þá sýnir sögnin hinn hálitinn + láglit.

1♣ - 1GR – P - 2♣	Jöfn lengd í hálitunum.
1♦ - 1GR – P - 2♦	
1♥ - 1GR – P - 2♥	♠ og láglitur. Jöfn lengd.
1♠ - 1GR – P - 2♠	♥ og láglitur. Áskorunarstyrkur+, eðli máls skv.

Ef 1GR er doblað (sem það er oft) þá er hægt að nýta sér það með því að RD með jafna lengd í tveimur lægstu litum en segja Pass með jafna lengd í hæsta lit og öðrum af lægri litunum.

1♦ - 1GR – D - RD	♣ og ♥. Jöfn lengd (getur verið 3-3)
1♦ - 1GR – D – P	♠ + ♥ eða ♠ + ♣ og láglitur. Grandari RD til að fá að vita hvorn litinn félagi á. Segi grandarinn hins vegar 2♣ eða 2♥ þá sýnir það 5-lit (og líklega 3♠).